



Yndislestur

ÍSL2YL05

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennsluáætlun – vorönn 2018

Kennari áfangans:

Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir

Áfangalýsing

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur lesi bókmenntir. Allir nemendur lesa tvær skáldsögur sem valdar eru af kennurum auk margra bóka sem þeir velja sjálfir af leslista. Nemendur vinna verkefni í ræðu og riti. Þeir taka próf úr skáldsögunum sem kennarinn valdi og skrifa tímaritgerð úr bók sem þeir völdu af leslista. Þeir mæta í viðtöl um bækurnar sem þeir lesa og segja frá þeim.

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- inntaki og einkennum þeirra verka sem lesin eru
- helstu einkennum íslensks máls sem nýtast honum í ræðu og riti
- orðaforða sem nægir til að lesa til gagns og ánægju

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja algeng stílbrögð í tal- og ritmáli
- að lesa sér til gagns og gamans bókmenntaverk og fjalla um inntak þeirra
- nýta sér uppbyggilega gagnrýni annarra
- að flytja af öryggi kynningar, endursagnir og lýsingar á bókmenntum
- nýta sköpunargáfu við vinnslu verkefna

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- túlka texta þó merking liggja ekki á yfirborðinu
- vinna að skapandi verkum í tengslum við námsefnið
- beita skýru og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti
- taka þátt í málefnalegum umræðum
- byggja upp skýra röksemdafærslu og komast að niðurstöðu

Kennslubækur og kennslugögn

Auður Ava Ólafsdóttir. *Ör*.

Jón Kalmann. *Sumarljós og svo kemur nóttin*.

Lesdagbók

Valbækur af leslista

Efni frá kennara

Námsmat

Áfanginn er án lokaprófs. Nemendur þurfa að vinna allmörg verkefni og taka próf. Þeir þurfa að skrá sig í viðtöl og mæta til að gera grein fyrir skáldverkunum sem þeir lásu.

Varla þarf að taka fram að nemendur eiga að **skrá sig í viðtöl** til að gera grein fyrir lestri sínum og **skila öllum verkefnum á tilsettum tíma**.

Vægi einstakra verkefna

Lesdagbók, skrifleg verkefni	30%
Viðtöl, valbækur	30%
<i>Sumarljós og svo kemur nóttin</i> , munnleg og skrifleg verkefni og próf	15%
<i>Ör</i> , munnleg og skrifleg verkefni og próf	15%
Tímaritgerð úr bók valinni af leslista	10%

Áætlun um kennslu og yfirferð á önninni

Vika	Viðfangsefni	Helstu verkefni og próf í símati
5. - 16. janúar 1.-3.vika	Kynning á áfanga. Upphafsviðtöl og lesáætlun. <i>Ör</i> lesin.	Einstaklingsmiðað lesáætlun sett upp. Vangaveltur skráðar í lesdagbók (<i>Ör</i>).
18. janúar - 30. janúar 3.-5. vika	<i>Ör</i> lesin. Ýmis verkefni tengd sögunni og próf. (Lestur bóka af leslista heima)	Skrifleg og munnleg verkefni unnin. Vangaveltur skráðar í lesdagbók. Próf – <i>Ör</i>
1. – 15. febrúar 5.-7. vika	Lestur bóka af leslista	Ígrundanir og túlkanir skráðar í lesdagbókina. Munnleg skil í viðtölum við kennara.
16. febrúar – 27. febrúar 7.-9. vika	<i>Sumarljós og svo kemur nóttin</i> lesin. Ýmis verkefni tengd sögunni og próf.	Skrifleg og munnleg verkefni unnin. Vangaveltur skráðar í lesdagbók. Próf – <i>Sumarljós og svo kemur nóttin</i>
5. mars – 16. mars 10.-11. vika	Lestur bóka af leslista	Ígrundanir og túlkanir skráðar í lesdagbókina. Munnleg skil í viðtölum við kennara.
19. - 23. mars 12. vika	Tímaritgerð	Tímaritgerð
26. mars – 2. apríl 13. vika	Páskafri	
3. apríl – 9. maí 14.-19. vika	Lestur bóka af leslista	Ígrundanir og túlkanir skráðar í lesdagbókina. Munnleg skil í viðtölum við kennara.

Hafðu í huga...

Nemendur þurfa að stunda nám sitt jafnt og þétt yfir önnina. Þeir sem missa af prófum/verkefnum vegna veikinda bera sjálfir ábyrgð á því að tilkynna kennara að þeir eigi eftir skil. Það þarf að gerast um leið og nemandi mætir heill heilsu aftur í skólann.

Nemendum ber að virða höfundarrétt og ekki skila inn verkefnum sem koma frá öðrum. Verði nemandi uppvis að slíku fær hann verkefnið ekki metið til einkunnar. Sama gildir um þann nemanda sem lætur öðrum verkefni í té.

Gert með fyrirvara um breytingar og ósk um gott samstarf!

5. janúar 2018

Ragnhildur Elísabet ragnhildurelisabet@gmail.com